

Ed.

367. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo, að í stað orðanna „Heimilt er sýslunefnd“ komi: Sýslunefnd er skylt o. s. frv.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í hverjum hreppi skuli vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd, og jafnmargir til vara. Kosning fer fram að afloknum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangs tíma og hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Eftir 4. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 5. og 6. gr. og breytist greinatala samkvæmt því:

5. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ráða byggingarfulltrúa. Skal teiknistofa landbúnaðarins samþykkja ráðningu þeirra.

Laun byggingarfulltrúa greiðist að hálfu af viðkomandi sýslusjóðum eða öðrum aðilum innan héraðsins, en heimilt er sýslunefndum að jafna því niður jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af heildarfasteignamati jarða og húsa með lóðum. Þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5% af fasteignamatinu.

Byggingarsjóður greiðir helming kostnaðarins.

Greiðsla byggingarsjóðs er háð þeim takmörkunum:

1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir 7.
2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi:
 1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
 2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.
 3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla.
 4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur.
 5. Norður- og Suður-Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla.
 6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
 7. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.

6. gr.

Nú óskar sýslunefnd, að komið verði á samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa fyrir hlutaðeigandi byggingarumdæmi, sbr. 5. gr., tölulið 1—7, og gerir sýslunefnd þá frumvarp að samþykkt þar að lútandi og sendir öllum sýslunefndum innan byggingarumdæmisins. Hljóti samþykktin $\frac{3}{5}$ atkvæða allra sýslunefndarmanna á samþykktarsvæðinu, er hún bindandi fyrir öll sýslufélög innan þess byggingarumdæmis.

4. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna, er verður 11. gr., orðist svo:

Fara um byggingarumdæmið og leiðbeina íbúum þess um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt hól í umdæminu ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Upphaf 11. gr. laganna, er verður 13. gr., orðist svo:

Sýslunefndir í sama byggingarumdæmi hafa heimild til o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 108 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, er svo ráð fyrir gert, að hver sýslunefnd geti ráðið byggingarfulltrúa, ef gerð hefur verið byggingarsamþykkt fyrir sýsluna. Enn fremur, að laun byggingarfulltrúa skuli greidd að $\frac{1}{3}$ hluta af hverjum þessara aðila: sýslusjóði, nýbýlasjóði og byggingarsjóði.

Þegar sett voru lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, voru þessir sjóðir sameinaðir, en hins vegar láðist að yfirfæra þessa skyldu um greiðslu á launum byggingarfulltrúa yfir á hinn nýja byggingarsjóð. Hins vegar er það sýnt, að með svo rúmum ákvæðum um heimild til að hafa byggingarfulltrúa í hverri sýslu, sem er í áður nefndum lögum um byggingarsamþykktir, geta kröfur á hendur byggingarsjóðnum orðið óhæfilega háar. Til þess að koma í veg fyrir, að svo fari, er í þessu frv. gert ráð fyrir að takmarka tölu byggingarfulltrúa við 7 og enn fremur skuli viðkomandi sýslusjóðir eða aðrir aðilar innan héraðanna greiða helming kostnaðar. Hins vegar er helmingur af kostnaðinum yfirfærður á byggingarsjóðinn í stað þeirrar skyldu, sem áður hvíldi á bæði byggingarsjóði og nýbýlasjóði.